



FUNDARGERÐ
1. fundur Húsakynna bs
haldinn á Laugalandi , miðvikudaginn 19. október 2022
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Þórunn Dís Þórunnardóttir, Þröstur Sigurðsson, Helga Björg Helgadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson, Klara Viðarsdóttir og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, Forstöðumaður.

Fram kom athugasemd fulltrúa Ásahrepps við fundarboð varðandi verkaskiptingu stjórnar. Lagt til að bæta inn einum dagskrárlið þar sem stjórnin skiptir með sér verkum. Verður fyrsti liður á dagskrá. Aðrir liðir færast til sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum - 2210058

Verkaskipting stjórnar.

Lagt til að Þórunn Dís Þórunnardóttir verði formaður og Helga Björg Helgadóttir verði varaformaður.

Samþykkt samhljóða.

2. Rekstraryfirlit 2022 - Húsakynni bs - 2203090

Farið yfir rekstraryfirlit jan-sept.

Klara kynnti rekstrarniðustöðu jan-sept 2022. Rekstur er í samræmi við áætlanir.

3. Framkvæmdaáætlun 2023 - 2210043

Farið yfir framkvæmdaáætlun 2023.

THT fór yfir framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023. Gert ráð fyrir viðhaldi fyrir um það bil 17.500.000 kr.

Lagt til að stjórnin samþykki að vísa þessari áætlun til fjárhagsáætlunargerðar 2023.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál - 1703002

Gólf í Íþróttahúsi

THH för yfir framkvæmd við gólfefni í íþróttasal. Verki að mestu lokið.

Framkvæmd stefnir í að vera innan kostnaðaráætlunar.

5. Eignir í umsjá Húsakynna bs - 2210046

Farið yfir stöðu húseigna í umsjá Húsakynna.

Farið yfir stöðu mála í Þóristungum. Lagfærð vatnslögn frá brunni að húsi.

Áréttað að gert verði ráð fyrir að kostnaður við lagfæringu á hesthúsi fari inni vinnu fjárhagsáætlunar 2023

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17.30.

Þórunn Dís Þórunnardóttir

Þröstur Sigurðsson

Helga Björg Helgadóttir